

## AUGLÝSING

155

13. nóv.

um breytingar á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febrúar 1947.

1. gr.

5. mgr. 4. gr. orðist svo: Laugardaga til kl. 4 síðdegis.

2. gr.

6. mgr. 4. gr. Í stað orðanna „til kl. 5 síðdegis“ komi: til kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1948.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

## SAMÞYKKT

156

15. nóv.

um lokunartíma sölubúða í Búðardalskaupþúni og annars staðar í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Sölubúðum í Búðardalskaupþúni og annars staðar í Laxárdalshreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd. og laugardag fyrir páska og laugardag fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 12 á hádegi og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.